

Sveitarfélagið Hornafjörður  
Anna Bragadóttir  
Hafnarbraut 27  
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 15. maí 2023  
UST202305-005/A.B.  
10.04.02

### **Efni: Lýsing – Breyting á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýtt deiliskipulag - Hafnarbraut**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar er barst 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2012-2030 og nýju deiliskipulagi fyrir nýju íbúðarsvæði við Hafnarbraut á Höfn.

Í greinargerð kemur fram breytingin gengur út á að auka þéttleikann á reit ÍB5 og stækka hann til austurs og minnkar opið svæði sem því nemur. Áætlað er að koma um fyrir 150 íbúðum á reitnum.

#### **Fráveita**

Umhverfisstofnun bendir á að gera þarf grein fyrir stöðu fráveitukerfis þéttbýlisins og áhrifum vegna aukins álags vegna nýrrar íbúðabyggingar. Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt lögum nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna ber sveitarfélagið ábyrgð á uppbyggingu og rekstri fráveitna. Kröfur um hreinsun á fráveituvatni frá bæði dreifbýli og þéttbýli eru settar fram í reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að álag (mengun) við stendur, í ám og stöðuvötnum vegna skólps hafi ekki áhrif á vistkerfi, fiskgengd eða útivistargildi.

Gera þarf ítarlegar grein fyrir fráveitumannvirkjum í skipulagsáætlunum sveitarfélagsins og þeim umbótum sem nauðsynlegar eru. Sérstaklega í ört stækkandi þéttbýli þar sem veiturnar þurfa að fylgja eftir auknum fjölda íbúa. Umhverfisstofnun bendir á að í 4. mgr. 4. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna kemur fram: „Sveitarstjórn setur í deiliskipulag ákvæði um safnkerfi og sameiginlegt hreinsivirki þar sem þess er þörf, sbr. 3. mgr., og sendir áætlun um nýjar og endurbættar fráveitur til heilbrigðisnefndar í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998.“

Sveitarfélaginu ber einnig að uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp þar sem krafa um hreinsun á skólpi frá þéttbýlinu Höfn í Hornafirði er tveggja þrepa nema viðtaki verði skilgreindur síður viðkvæmur. Krafa um hreinsun er í gildi og óskar Umhverfisstofnun eftir að sveitarfélagið geri grein fyrir

fyrirætlunum um hreinsun á fráveituvatni og hafi samráð og upplýsi Heilbrigðiseftirlit Austurlands um fyrirætlanir sínar.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að mikilvægt er að sveitarfélagið hafi í huga og geri ráð fyrir aukinni hreinsun á skólpi í framtíðinni t.d. með því að gefa hreinsistöðvum rými í skipulagi. Einnig er mikilvægt fyrir sveitarfélagið að hafa í huga hvernig það ætlar að takast á við loftslagsbreytingar með tilliti til álags á fráveitukerfi en nú þegar kemur fyrir að fráveitukerfi ráða ekki við vaxandi úrkomuákefð og ágang sjávar vegna hækkunar sjávarstöðu. Auk þess vill stofnunin benda á að útrásirnar þurfa að uppfylla ákvæði 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp um að öllu skólpi sem veitt er til sjávar skal veitt minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Auk þess er óheimilt að leiða skólp þannig að frárennslisop opnast til hafna.

Í Stöðuskýrslu fráveitumála frá árinu 2020 (upplýsingar frá heilbrigðiseftirliti Austurlands) segir að engin hreinsun sé á skólpi frá þéttbýlinu. Krafa um hreinsun er tveggja þrepa vegna losunar í ármynni/ferskvatn. Sveitarfélagið getur þó sent beiðni um skilgreiningu á viðtaka sem er síður viðkvæmur og þá gilda vægari hreinsunarkröfur eða eins þreps hreinsun. Þá kemur einnig fram að unnið er að því að koma á grófhreinsun á skólpi frá bænum, samtengja allt skólpkerfið inn á hreinsistöðina.<sup>1</sup>

### **Mengaður jarðvegur**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðum sem grunur er um mengun. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að skilgreina þessi svæði sem varúðarsvæði, sbr. skipulagsreglugerð nr. 90/2013.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að það er aflagður urðunarstaður um 150-200 m austan við fyrirhugaða íbúðabyggð sem æskilegt sé að fjallað sé um í tillögunni.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson

**sérfræðingur**

Rakel Sæmundsdóttir

**sérfræðingur**

---

<sup>1</sup> [https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla\\_fraveitumala\\_2020](https://ust.is/library/sida/haf-og-vatn/Stoduskyrsla_fraveitumala_2020)